

Kennari:

Anna Steinunn Gunnlaugsdóttir og
Karen Sif Sverrisdóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk, samþætt verkefni í Stapamixi,
og þemum.

Tímafjöldi:

1 -2 kennslustundir á viku ásamt vinnutíma í
Stapamixi

Bekkur:

7. bekkur

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lifnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er.

Námsmat á að vera hluti af daglegu starfi og stuðla að því að auka gæði náms. Námsmat, kennsla og námsmat eiga að haldast í hendur. Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Varanlegur námsárangur til framtíðar byggist á því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, skipuleggja nám sitt og meta eigin stöðu og framvindu á markvissan og skipulegan hátt.

Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar.

Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið í 7. bekk <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
<p>Hlustun: <i>Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</i></p>	<p>Valin verkefni úr Action</p> <p>Valið efni af netinu</p> <p>Kvikmyndir</p> <p>Þættir</p> <p>Tónlist</p>	<ul style="list-style-type: none"> - geti skilið talað mál um efni sem varðar hann sjálfan, áhugamál og daglegt mál - skilji í meginatriðum samtöl af ýmsum toga og nýtt sér í ræðu og riti - geti hlustað eftir nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við eða/og unnið úr þeim - skilji það mál sem notað er í kennslustofunni 	<p>Hlustunaræfingar</p> <p>Umræður</p>
<p>Lesskilningur: <i>Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.</i></p>	<p>Action – Textbook</p> <p>Lesbækur</p> <p>Ýmis verkefni</p> <p>Valið efni af netinu</p>	<ul style="list-style-type: none"> - geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum - skilji megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum - geti fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu - skilji megininntak í ólíkum textum og geti unnið út frá þeim 	<p>Lestur</p> <p>Lesskilningsverkefni</p> <p>Sambætting námsgreina</p>
<p>Samskipti: <i>Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum.</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> - geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst - taki þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar - geti lesið sér til gagns og ánægju - geti lesið auðlesna texta af ýmsum gerðum og beitt mismunandi. lestraraðferðum eftir eðli textans - geti fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu 	<p>Umræður</p> <p>Samskipta-leikur</p>
<p>Frásögn: <i>Í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangs-efnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> – geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt – geti endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. – geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa 	<p>Munnlegar kynningar og verkefni</p>

<p>Ritun:</p> <p><i>Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinamerki, eins og punkta og spurningamerki.</i></p>	<p>Action – Workbook</p> <p>Ýmis verkefni</p>	<ul style="list-style-type: none"> – geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt – geti skrifað texta af mismunandi gerðum – geti notað algengustu tengiorð og greinamerki – geti lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, – geti skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst – geti samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. 	<p>Ritunarverkefni</p> <p>Þjálfunar-efni</p>
<p>Menningarläsi:</p> <p><i>Sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> – geti sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða - geti sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra - geti sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir 	
<p>Námshæfni:</p> <p><i>Sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> – geti beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki - geti beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur - geti nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur 	
<p>Námsmat:</p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <p>Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur, alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.</p>		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága